

Nd.

30. Frumvarp

til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarski á konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Síðasti másl. 9. gr. stjórnarskrár, nr. 9, 18. maí 1920, orðist svo:
Ráðherra hefir aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

11. gr. sömu laga orðist svo:
Konungur skipar ráðherra og veitir honum lausn. Með lögum má
ljólga ráðherrum.

3. gr.

12. gr. sömu laga orðist svo:
Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi
í ríkisráði. Ráðherra skipar ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því þegar hann er

lögráða. Konungur er forseti rikisráðsins. Ríkisráðsfundi má halda utan Íslands.

4. gr.

13. og 14. gr. sömu laga falla burtu.

5. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. sömu laga komi: annaðhvert ár.

6. gr.

Í stað orðanna »á ári« í enda 19. gr. sömu laga komi: fundum sama þings.

7. gr.

1. málsg. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Í stað »26« í 2. málsg. sömu gr. komi: 28, og í stað »34« í 3. málsg. sömu gr. komi: 36.

8. gr.

27. gr. sömu laga orðist svo:

Þingmenn, kosnir í sjerstökum kjördæmum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, til 12 ára, og fer helm-ingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

9. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. gr. sömu laga komi: annaðhvert ár.

10. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. sömu laga komi: fjárhagstímabil.

11. gr.

Stjórnarskipunarlagaþreiting þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá 1926, falla niður 1934.

Greinargerð.

Í frv. þessu eru fólgnar 2 breytingar á stjórnarskránni, sem telja má allverulegar. Önnur þeirra er sú, að Alþingi skuli að eins háð annaðhvert ár og hin er sú, að ráðherra skuli að eins vera 1. Þær breytingar aðrar, sem í frv. eru fólgnar, eru flestar bein eða óbein afleiðing af annari hvorri þessara breytinga. Breytingin í 7. gr. er gerð vegna fjölgunar þeirrar á þingmönnum í Reykjavík, sem þegar er á komin. Rjett virðist að lengja kjörtímabilið þegar þingum fækkar, því að tíð þingmannaskifti valda minni festu í löggjafarstarfinu.

Átæðurnar fyrir því, að frv. þetta kemur fram eru þær, að svo virðist sem oss geti nægt þing annaðhvert ár. Þingkostnaðurinn er mikill, og það er því verulegur sparnaður að því að fækka þingunum. Kostnaðurinn við Alþingi var 1922 kr. 204000,00, 1921 kr. 348000,00, 1920 235000,00 og 1919 kr. 231000,00, samkvæmt LR., og þótt ganga megi út frá, að kostnaður þessi fari minkandi í blutfalli við dýrtíð og þótt tekið sje tillit til, að þingin verði nokkru lengri þegar þau eru að eins annaðhvert ár, sjest, að um allverulega gjaldalækkun er að ræða. En sparnaðurinn af þingi annaðhvert ár er miklu meiri en þetta, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, að hvert einasta þing samþykkir útgjöld, sem sumpart eru alveg óþörf, sumpart þannig vaxin, að vel mega biða. Þetta er tilfinnanlegast þegar fjárhagurinn er þröngur eins og nú, og því er edlilegt, að br.till. í þessa átt komi fram einmitt nú. Á það má og lita, að þar sem þetta þing er hið síðasta á yfirstandandi kjörtímabili og nýjar kosningar eiga að fara fram á þessu ári, þarf ekkert aukþing að halda nje þingrof fram að fara vegna þessarar stjórnarskrárbreytingar.

Ráðherrum var fjölgað í ársbyrjun 1917, og má vel vera, að það hafi verið nauðsynlegt vegna heimsstyrjaldarinnar, en nú verður henni eigi lengur um kent, og sýnist auðsætt, að að minsta kosti megi reyna það fyrirkomulag, sem var fyrir stríðið, og verður varla sagt, að það sje hættuleg tilraun. Í frv. er gert ráð fyrir, að ráðherratölunni megi breyta með lögum, og ætti þetta að gera ráðherra-fækkunina aðgengilegri.